## 94. stjórnarfundur Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 11. desember 2018

# Fundargerð

### Fundurinn haldinn hjá Austurbrú, Reyðarfirði og hófst kl. 10:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar á staðinn: Einar Már Sigurðarson (EMS), Hildur Þórisdóttir (HÞ), Þráinn Lárusson (ÞL), Gunnar Jónsson (GJ)
Mættir stjórnarmenn Austurbrúar í síma: Sæunn Stefánsdóttir (SS)

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri, Anna Alexandersdóttir verkefnastjóri mannauðsmála og staðgengill framkvæmdastjóra, Skúli Björn Gunnarsson formaður starfsháttanefndar og Ásdís Helga Bjarnadóttir, nefndarmaður í starfsháttanefnd.

**Dagskrá:**

1. Staðfesting fundargerðar nr. 93
2. Fjárhagsáætlun 2019
3. Kynning verkefna
    - Verkefni tengt sóknaráætlun innan Austurbrúar
    - Verkefni tengt markaðs- og atvinnuþróunarmálum
    - Verkefni tengt innri málum
4. Austurland*
5. Staða samtalsferlis við stofnaðila Austurbrúar
6. Önnur mál

Formaður stjórnar Einar Már setti fundinn og bauð fundarmenn og gesti velkomna.

1. **Staðfesting fundargerðar nr. 93**

   Stjórn staðfestir fundargerð nr. 93

2. **Fjárhagsáætlun 2019**

   Framkvæmdastjóri fór yfir drög að fjárhagsáætlun 2019. Fjárhagsáætlunin er sett upp á grundvelli þeirra forsendna sem stjórn hefur unnið með á undanförnum mánuðum m.t.t. verkefna, tekna, gjalda og launaforsendna.
   Stjórn samþykktir fjárhagsáætlun 2019 með þeim fyrirvara að ef breytingar verða á forsendum tekna þá þurfi að yfirfara áætlunina. Stjórn leggur til að formaður stjórnar skrifi formála á fjárhagsáætlunina áður en hún verður kynnt stofnaðilum í aðdraganda ársfundar.

3. **Kynning verkefna**
   - *Verkefni tengt sóknaráætlun innan Austurbrúar*
     Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri er tengjast sóknaráætlun á sviði menningarmála. Umræður urðu um bæði verkefnin, innihald þeirra og fyrirkomulag.
   - *Verkefni tengt markaðs- og atvinnuþróunarmálum*
     Jóna og Signý fóru yfir helstu verkefni sem í gangi eru og stöðu verkefna.
   - *Verkefni tengt innri málum*
     Anna Alexandersdóttir, verkefnastjóri mannauðsmála og staðgengill framkvæmdastjóra fór yfir stöðu helstu mála.

   Stjórn þakkaði kærlega fyrir góða umfjöllun og yfirferð.

4. **Austurland***
   Framkvæmdastjóri kynnti að Áfangastaðaáætlun Austurlands, „Action Austurland" hafi verið birt 5. desember á heimasíðu Austurbrúar og samfélagsmiðlum.

5. **Staða samtalsferlis við stofnaðila Austurbrúar**
   Skúli Björn Gunnarsson og Ásdís Helga Bjarnadóttir frá starfsháttanefnd Austurbrúar komu inn á fundinn.

   Skúli fór yfir tillögur starfsháttanefndar sem og forsendur fyrir tillögunum.

Stjórn þakkar fyrir kynningu á tillögunum og mun ræða þær nánar á næsta fundi stjórnar í byrjun janúar.

Fulltrúar starfsháttanefndar yfirgáfu fundinn að loknum þessum lið.

**6. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Næsti fundur stjórnar verður þann 8. janúar á Egilsstöðum. Fundi slitið kl. 12:15.

| | |
|---|---|
| Einar Már Sigurðarson | Sæunn Stefánsdóttir |
| Hildur Þórisdóttir | Þráinn Lárusson |
| Gunnar Jónsson | |